



Hvalfjarðarsveit
b.t. félagsmálanefndar
Innrimel 3
301 Akranesi

Akranesi, 9. mars 2016
1510028 RÁ/jhf

Efni: Þjónustusvæði í málefnum fatlaðra

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, sem haldinn var þann 8. mars sl. var fjallað um samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi um rekstur þjónustusvæðis Vesturlands í málefnum fatlaðs fólks.

Árið 2010 sótti Akraneskaupstaður um undanþágu frá stærðarviðmiðum um þjónustusvæði í málefnum fatlaðra, þannig að Akraneskaupstaður yrði leiðandi sveitarfélag sem gæti boðið nágranna-sveitarfélögum þjónustusamninga ef eftir því væri leitað. Erindið fékk ekki meðbyr og niðurstaðan var að myndað var eitt þjónustusvæði á Vesturlandi.


Samstarfið um rekstur þjónustusvæðisins hefur verið með þeim hætti að hvert félagsþjónustusvæði fyrir sig veitir þjónustu við fatlaða á sínu starfssvæði. Sameiginlegur rekstur þjónustuúrræða er ekki fyrir hendi. Samstarfið snýr því fyrst og fremst að skiptingu fjármagns og samræmingu reglna og viðmiða um veitta þjónustu.

Samningur um rekstur þjónustusvæðisins er útrunninn, sem og samningur á milli ríkis og sveitarfélaga um þjónustuna. Bæjarráð og Velferðar- og mannréttindaráð hafa lýst sig meðmælt því að sækja að nýju um undanþágu frá mannfjöldaviðmiðum laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 á grundvelli undanþáguákvæða í 4. gr. laganna. Í bókun bæjarstjórnar var tekið undir mikilvægi þess að sótt verði um undanþágu frá stærðarviðmiðum um þjónustusvæði í málefnum fatlaðra og undirritaðri falið að kanna afstöðu Hvalfjarðarsveitar til málsins vegna samstarfs sveitarfélaganna á sviði félagsþjónustu.

Af hálfu Akraneskaupstaðar er fullur vilji til áframhaldandi samstarfs við Hvalfjarðarsveit um þjónustuna með sama sniði og verið hefur, hvort sem undanþágan fæst eða ekki.

Hér með upplýsir undirrituð félagsmálanefnd Hvalfjarðarsveitar um ofangreind áform og óskar eftir afstöðu Hvalfjarðarsveitar til áframhaldandi samstarfs, verði af skiptingu þjónustusvæðis Vesturlands.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvatnsdóttir
BÆJARSTJÓRN
AKRANESI

Samrit: Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar